47 10. des. 1878 ásamt biskupnum, stjórn kirkju- og skólamála á hendi auk annara starfa, þyrfti, ef leggja ætti niður amtmannaembættin, að kveða á um, hver ætti þá að takast á hendur þessi störf amtmannsins. Það virðist varla eiga við að fá þau í hendur landshöfðingja, sem einmitt á að vera yfirboðari allra annara embættismanna á Íslandi, en yrði með þessu móti að eins settur jafnhliða biskupnum, eins og einnig gæti af því leitt flækjur, ef ágreiningur yrði millum hinna nefndu embættismanna; en að fá biskupnum einum í hendur úrslit þessara mála, myndi að líkindum ótiltækilegt, og einkanlega óheppilegt með tilliti til umráðanna yfir kirknaeignunum.

Af því, sem tekið er fram hjer að framan, mætti það vera ljóst, að breyting sú í umboðstjórn Íslands, sem fram á er farið, sje í sjálfu sjer bæði miður hagfeld og muni jafnframt hafa í för með sjer svo mörg vandkvæði og annmarka í framkvæmdinni, að henni yrði ekki komið á, án þess að áríðandi málefni yrðu með því út undan, og þess vegna verður ráðgjafinn að vera á því, að hin umrædda uppástunga ekki sje þess um komin, að hún verði tekin til greina.

48 20. febr. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* launaviðbót embættismanns. — Með þóknanlegu brjefi 25. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið til úrslita ráðgjafans bœnarskrá Theódórs bœjarfógeta Jonassens í Reykjavík, þar sem hann spyr, hvort hann eigi ekki heimtingu á að halda að öllu eða nokkru leyti í embætti því, er hann nú hefir, þeirri launaviðbót fyrir sjálfan hann, er samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bœjarfógeta frá 14. desember 1877, bar honum sem sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að upphæð 1057 kr. 68 a. Látið þjer í ljósi, að eins og það að líkindum hafi verið tilgangurinn, þegar 7. gr. í áminnztum launalögum var samin, að láta embættismenn að eins njóta launaviðbótar fyrir sjálfa þá, meðan þeir eru í sama embætti, þannig hafi það verið skýrt tekið fram í hinni allraþegnsamlegustu bœnarskrá Theódórs Jónassens um, að verða allramildilegast skipaður bœjarfógeti í Reykjavík, að áminnzt launaviðbót með þessu móti myndi sparast fyrir landssjóðinn, en þar að auki hafið þjer getið þess, að aukatekjur þær, sem lagðar eru til bœjarfógetaembættisins, samkvæmt 2. grein nefndra laga líklega geti talizt að minnzta kosti 5 eða 600 kr. ár hvert, þar sem þessar sömu tekjur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu varla geta talizt meiri en hjer um bil 10 kr. á ári, og hafi því Theódór Jónassen á þennan hátt fengið uppbót á launum sínum, sem nokkurn veginn samsvari launaviðbót þeirri, er hann áður hafði.

Fyrir þessar sakir fresta jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt þeim ástœðum, er þjer hafið tilfœrt, álít ekki hlutaðeiganda eiga heimting á hinni áminnztu launabót, en að það að öðrum kosti sje honum heimilt að skjóta málinu til úrskurðar dómstólanna.

49 20. febr. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* prestsvígslu. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 27. nóvember f. á. sent ráðgjafanum til úrskurðar fyrirspurn frá biskupnum yfir Íslandi um það, hvort honum sje leyfilegt að vígja prest handa íslenzkum söfnuði í Nova Scotia, ef prestsefnið annars hefir hœfilegleika þá, sem lögboðnir eru.

Fyrir því undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeining-